

R E G L U R
um umgengni í Einarstaðakirkjugarði
nr. 280/2018.

1. gr.

- Reglur þessar taka til umgengni í Einarstaðakirkjugarði.
- Kirkjugarðurinn er friðhelgur.

2. gr.

- Kirkjugarðsstjórn er í höndum sóknarnefndar Einarstaðakirkju.

3. gr.

- Kirkjugarðsstjórn skal ráða kirkjugarðsvörð eða fela einum úr nefndinni að sinna því starfi.

4. gr.

- Kirkjugarðsvörður starfar samkvæmt starfslýsingu, veitir upplýsingar um garðinn og leiði, er ábyrgur fyrir umhirðu garðsins og er yfirmaður annarra þeirra sem ráðnir eru til starfa í garðinn, svo sem við umhirðu og grafartöku.

5. gr.

- Frágangur leiðis, sáning eða tyrfing er framkvæmd af starfsmönnum kirkjugarðsins.

6. gr.

- Uppsetning og frágangur minningarmarka skal unnin í samráði við kirkjugarðsvörð.

7. gr.

- Áður en sett er upp minningarmark/legsteinn, sem er frábrugðið öðrum í garðinum, skal leita samþykkis kirkjugarðsstjórnar. Eigi má reisa legstein sem útheimtir sérstakar undirstöður eða setja upp eða gera grafhýsi eða girðingar af nokkru tagi um einstök leiði eða grafreiti.

- Óheimilt er að fjarlægja minnismarki eða aðra varanlega hluti af grafreit án leyfis kirkjugarðsvarðar.

8. gr.

- Aðstandendur sem vilja hafa sumarblóm á leiði skulu koma þeim þannig fyrir í pottum að auðvelt sé að hirða garðinn. Gróður sem settur er á leiði má ekki verða

hærri en einn metri. Aðstandendum er óheimilt að setja í garðinn tré, runna eða annan gróður sem fjölgar sér með sjálfsáningu eða rôtarskotum. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja slíkar jurtir.

9. gr.

■Eigi má skilja eftir á leiðum né annars staðar í kirkjugarðinum eða við hann neitt það er óprýðir eða óþrifum veldur. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja allt slíkt úr garðinum. Þetta á einnig við um blómapotta sem ekki er hirt um, gróður sem ekki er í pottum, runna, tré og annað það sem skilið hefur verið eftir í garðinum.

10. gr.

■Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og haft samráð við sóknarprest.

11. gr.

■Skaðabætur skulu eigi koma til rétthafa grafarstæðis ef beita verður ákvæði 10. gr.

12. gr.

■Sóknarnefnd Einarsstaðakirkju ber eigi skaðabótaábyrgð verði umbúnaður grafarstæðis, minningarmarka, gróður eða annað sem á grafarstæði kann að vera, fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

13. gr.

■Ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun þessara reglna má skjóta til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

14. gr.

■Reglur þessar eru settar að tillögu sóknarnefndar Einarsstaðakirkju samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.